

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

Fundargerð

5. fundur stjórnar LH (símafundur) haldinn 2. mars 1998.

Fundurinn hófst kl. 21.25 en nokkrar tafir urðu á að tengja menn saman. Birgir Sigurjónsson setti fund og stjórnaði honum. Halldór Gunnarsson ritaði fundargerð.

Þessir voru mættir (aðeins aðalmenn voru boðaðir):

Birgir Sigurjónsson, Jón A Sigurbjörnsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Bergur Jónsson, Sigurgeir Bárðarsson, Halldór Gunnarsson.

1. Mál

Næsti fundur stjórnar LH

Formaður ræddi stuttlega undirbúning næsta fundar stjórnar LH sem ákveðið hefur verið að halda þann 11. mars nk. Jafnframt stjórnarfundi verður kynning á Landssambandi hestamannaflaga í tilefni þess að LH og HÍS voru sameinuð í ein samtök á sl. hausti og ný skrifstofa hefur verið opnuð. Ráðgert er að bjóða hestafólk og fjölmíðafólk i húsakynni LH inni í Laugardal þar sem kynningin fer fram.

Birgir greindi frá því að hann hefði haft samband við yfirdýralæknini um hvort rétt væri að fresta kynningunni vegna smithættu þess sjúkdóms sem orðið hefur vart í hrossum einkum á Suðvesturlandi undanfarna daga.

Yfirdýralæknir taldi ekki ástæðu til að fresta kynningunni vegna þessa.

2. Mál

Starfsmannamál

Starfsmannamál voru rædd í framhaldi af auglýsingu sem birtist í Morgunblaðinu þann 17. febrúar sl. þar sem auglýst var eftir framkvæmdastjóra í fullt starf og skrifstofumanni í hálfst starf.

Samþykkt að fela þeim Jóni, Sigrúnu, Sigurgeir og Sigurði R að skoða umsóknir þeirra sem sótt hafa um störf á skrifstofu LH., flokka þær í samráði við ráðningarstofuna Strá og skýra niðurstöður þeirrar flokkunar á næsta fundi stjórnar.

3. Mál

Skráningargjöld

Skráningargjöld á LM'98 voru aðalmál fundarins og voru þau itarlega rædd.

Formaður hóf umræðu um málið m.a. með því að lesa bréf dagsett 17. febrúar sem hann ritaði framkvæmdastjórn LM'98. Bréfið var svar við bréfi framkvæmdastjórnar LM'98 er varðar skráningargjöld hrossa á landsmótið. Í nýsamþykktum reglum LH frá síðasta ársþingi samtakanna

um framkvæmd landsmóta er kveðið á um að heimilt sé að innheimta skráningargjöld af hrossum á lands- og fjórðungsmótum. Tilgangurinn með gjaldtökunni er sá að styrkja fjárhagslegan rekstur móttanna og þar með auknar tekjur til LH.

Í bréfinu er tilkynnt um að Halldór Gunnarsson verði fulltrúi stjórnar LH á fundi framkvæmdastjórnar LM'98 ásamt með Kristni Hugasyni þann 20. febrúar nk., en fundinn átti að halda á Akureyri þar sem framkomin tillaga framkvæmdastjórnar á upphæð skráningargjalda yrði tekin til frekari skoðunar.

Þá las Birgir upphaf fundargerðar fundarins á Akureyri þar sem eftirfarandi bókun var gerð: ".....að þeim umræðum loknum var eftirfarandi samþykkt gerð milli framkvæmdastjórnar LM'98, fulltrúa LH., Halldórs Gunnarssonar og fulltrúa Bí., Kristins Hugasonar:

Aðilar eru sammála um að leggja þátttökugjöld á kynbótahross samkv. Eftirfarandi töflu að viðbættum virðisaukaskatti:

	Kr.	Vsk.kr.	Alls kr.
Heiðursverðlaunastóðhestar	35.000	8.575	43.575
Stóðhestar með 1. Verðlaun	25.000	6.125	31.125
Stóðhestar 6 v. og eldri	15.000	3.675	18.675
Stóðhestar 5 vetra	10.000	2.450	12.450
Stóðhestar 4 vetra	10.000	2.450	12.450
Heiðursverðlaunahryssur	15.000	3.675	18.675
Hryssur 6 v. og eldri	5.000	1.225	6.225
Hryssur 5 vetra	5.000	1.225	6.225
Hryssur 4 vetra	5.000	1.225	6.225

Aðilar eru sammála um að hlutur Bí í þátttökugjöldunum verði 35% og hlutur landsmótsins 65%. Bí sér um kynningu á gjaldtökunni, innheimtu gjaldsins, skil á virðisaukaskatti og skil á hluta mótsins með eingreiðslu að lokinni skráningu í móttsskrá... Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki stjórnar LH og Bí. á síðari stigum.

Halldór gerði grein fyrir þeim umræðum sem urðu á fundinum á Akureyri og því samkomulagi sem gert var um skiptingu tekna milli landsmótsins og Bí. Þá lagði hann áherslu á að þátttökugjöldin væru tilkomin samkvæmt samþykkt ársþings LH á Egilsstöðum í október 1997. Þau væru lögð á til þess að styrkja fjárhagslega afkomu landsmótsins. Þá lagði Halldór áherslu á að full sátt hefði náðst á fundinum milli aðila um upphæð gjaldanna og skiptingu milli LM'98 og Bí.

Umræður urðu miklar um þessa gjaldtöku einkum kvað kynbótahrossin snerti og kom fram í máli margra stjórmarmanna að þau væru of há. Eins og kunnugt er hefur umfjöllun um skráningargjöldin farið fram í fjöl-

miðlum undansfarna daga og vitnuðu stjórnarmenn um mikla óánægju sem uppi væri meðal hrossaræktenda varðandi fyrirhugaða gjaldtöku. Engin ákvörðun var tekin á fundinum um upphæð þátttokugjalda af kynbótahrossum en ákveðið að fela formanni og varaformanni að óska eftir fundi með Sigurgeir Þorgeirssyni framkvæmdastjóra Bí og Kristni Hugasyni um frekari meðferð málssins. Málið yrði síðan tekið fyrir á fundi stjórnarinnar þann 11. mars nk. til frekari skoðunar og afgreiðslu. Ekki komu fram á fundinum athugasemdir við gjaldtöku hrossa í gæðingakeppni, ungmennaflokki, ungleingaflokki, barnaflokki og kappreiðum. Í töltkeppni vildu sumir stjórnarmenn hafa sama gjald og tillaga liggur fyrir um í A og B flokki gæðinga þ.e. kr. 2.000.00. Ekki voru gerðar athugasemdir við gjaldtöku ræktunararbúa.

4. Mál

Fulltrúi í fagráð

Tillaga lá fyrir fundinum um að Guðmundur Jónsson yrði áfram fulltrúi LH í fagráði til ársins 1999. Nokkrar umræður urðu um tillöguna og aðdraganda hennar. Tillagan var samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1. Einn stjórnarmaður sat hjá.

Fleira rætt en ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson